

Minnisblað

Dagsetning: 10. nóvember 2020
Viðtakandi: Rannveig Anna Guicharnaud, Náttúrufræðistofnun Íslands
Sendandi: Þorkell Lindberg Þórarinnsson, Náttúrustofa Norðausturlands

Efni: Vöktun náttúruverndarsvæða 2020. Verkefni 8 – Mývatnssveit utan verndarsvæða, Hverir, Víti og Leirhnjúkur.

Þegar lögum um vernd Mývatns og Laxár var breytt 2004 lagði Umhverfisstofnun til að nokkur svæði í Skútustaðahreppi, sem lutu ekki lengur verndar, yrðu friðlýst¹. Þar á meðal eru vinsæl ferðamannasvæði eins og Leirhnjúkur, Stóra-Víti við Kröflu og Hverir (Hverarönd) sem öll hafa að geyma mikil náttúruverðmæti. Friðlýsing þessara svæða hefur ekki gengið eftir en lýsingar á þeim hér eru fengnar úr tillögum Umhverfisstofnunar frá árinu 2004. Svæðin eru í einkaeigu og var haft samband við fulltrúa landeigenda áður en vettvangsvinna hófst.

Leirhnjúkur er aflangt móbergssfell, skammt austur af Víti. Í austurhlíðinni er mikið jarðhitasvæði og nokkrir leirhverir en í norðurhlutanum er stór leirpyttur sem myndaðist í umbrotum eftir Mývatnseldana. Norður frá Leirhnjúk gengur svo slitrótt hraungígarröð um 10 km vegalengd. Einn stærsti gígurinn er rétt fyrir norðan Leirhnjúk og er hann kallaður Hófur eða Hóffell¹.

Víti eða Stóra-Víti við Kröflu er sprengigígur sem myndaðist í upphafi Mývatnseldanna, þann 17. maí 1724. Víti er gríðarmikil gígskál og er stöðuvatn, um 33 m djúpt, í botni skálarinnar. Þvermál gígsins er um 320 m, hæð gígveggjanna er um 100 m að austan en um 50 m að vestan miðað við gígbotninn undir vatninu. Móbergssklettur og gjóskulög eru allt umhverfis gíginn en gjóskuna hefur lagt í suður. Smærri gígar eru norðan og suðaustan við Víti og í einum þeirra, Litla-Víti var bullandi leirhver í meira en öld eftir gosið. Í gosinu komu meðal annars upp brot af djúpbergi, granófýr (krablít) og gabbró¹.

Hverirnir í og við Námafjall eru eitt frægasta náttúruundur Mývatnssveitar en árið 2019 er talið að tæplega 470 þús gestir hafi komið þangað, 30 þús færri en 2018 þegar mest var². Þar eru leirhverir á ýmsum þróunarstigum. Þeir myndast úr gufuaugum og brennisteinshraukum sem nóg er af en að lokum verða þeir að leirflagi. Í Námafjalli er mikill jarðhiti og útfellingar af brennisteini en brennisteinn hefur verið numinn úr Námafjalli eins og nafn fjallsins bendir til¹.

Í apríl 2020 var Gjástykki friðlýst í samræmi við lög um verndar- og orkunýtingaráætlun (rammaáætlun) en friðlýsingin nær ekki til hraungíganna og hraunsins næst Leirhnjúk³. Gjástykki er einstakt svæði á heimsvísu og í tillögum Náttúrufræðistofnunar Íslands er lagt til svæðið Leirhnjúkur-Gjástykki verði sett á framkvæmdahluta náttúru-minjaskrár (B-hluta). Þar segir um svæðið:

¹ Umhverfisstofnun 2004. Verndarsvæði í Skútustaðahreppi. Tillögur Umhverfisstofnunar vegna breytinga á lögum um vernd Mývatns og Laxár. Sótt 21. október 2020 af

https://www.ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Fridlyst-svaedi/Fridlysingar/Myvatn_2004_vef.pdf

² Rögnvaldur Ólafsson og Gyða Þórhallsdóttir 2020. Gögn um talningar og fjölda gesta við Hveri (Hverarönd).

³ Stjórnarráð Íslands 2020. Sótt 20. október 2020 af <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2020/04/01/Gjastykki-fridlyst-gegn-orkuvinnslu/>



„Staðfesting landrekskenningarinnar. Svæðið ber dæmigerð ummerki eftir gliðunarhrinu, kvikuhlaup og sprungugos í rekbelti úthafshryggjar. Jarðminjasvæðið er fágætt og einstakt á heimsvísu og hefur bæði mjög hátt vísindalegt gildi og fræðslugildi. Svæðið er heildstætt, lítt raskað og hefur þannig hátt gildi sem landslagsheild. Þar er mikil víðernisupplifun.“⁴

Framkvæmd 2020

Vettvangsvinna fór fram 25. og 26. ágúst 2020 og var hún unnin af Aðalsteini Erni Snæþórssyni, Sigprúði Stellu Jóhannsdóttur, Ingvari Atla Sigurðssyni og Olgu Kolbrúnu Vilmundardóttur. Þar var:

- Leirhnjúkur og nánasta umhverfi myndað með flygildi samkvæmt fyrirfram ákveðnum ferli.
- Sett út tvö gróðursnið í jarðhitavistgerðum við hentistíga og göngustíga við Leirhnjúk skv. aðferð 3b. Fjórir hentistígar við annað gróðursniðið voru hnitaðir og breidd og ástand gróðurþekju metin í þeim.
- Skemmdir á jarðminjum við göngustíga við Leirhnjúk og Gjástykki skráðar og hnitaðar.
- Skemmdir á jarðminjum við göngustíga við Hveri (Hverarönd) og á Námafjalli skráðar og hnitaðar.
- Ástand göngustíga við Leirhnjúk, Víti og Hveri (Hverarönd) skoðað og metið álag á gróður og hverasvæði umhverfis stígana.
- Ljósmyndir teknar, hnitsettar og skráðar. Hluti þeirra nýtist við áframhaldandi myndvöktun.

Mjög góðar og lýsandi loftmyndir náðust af Leirhnjúkssvæðinu þar sem bæði göngustígar og hentistígar um svæðið sjást vel. Verða þær bornar saman við vettvangsathuganir á göngustígum en einnig má bera þær saman við fyrri kortlagningu á jarðhitagróðri og jarðhitavistgerðum á svæðinu. Vonast er til að í framhaldinu verði hægt að styðjast að miklu leyti við myndgögn úr flygildi til að vakta að einhverju leyti áhrif ferðamanna á jarðminjar og jarðhitavistgerðir við Leirhnjúk ásamt gróðursniðum og myndvöktun á völdum stöðum.

Frumgögnum; eyðublöðum, GPS skrám og myndgögnum hefur verið skilað inn til Náttúrufræðistofnunar en það á eftir bæta skráningu við einstakar myndir. Eftir er að vinna úr myndkortum, landlíkönum og gróðurmælingum. Áfram verður unnið í verkefninu í vetur.

Ástandsmat og frumniðurstöður

Mjög takmörkuð umsjón hefur verið með svæðunum við Leirhnjúk, Stóra-Víti við Kröflu og Hveri undanfarin ár. Sumarið 2019 greip Umhverfisstofnun til takmarkana á umferð um svæðin á grundvelli 25. gr. a. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Þá var ráðist í að afmarka gönguleiðir, loka hentistígum og merkja leiðir með skýrari hætti⁵. Einnig voru landverðir með daglegt eftirlit og umhirðu á svæðinu á meðan takmarkanir voru í gildi en það var til 30. nóvember 2019⁶. Þessar takmarkanir voru ekki í gildi sumarið 2020 en mikið af þeim aðgerðum sem ráðist var í 2019 standa enn eins og afmörkun stíga.

Ástand á Leirhnjúkssvæðinu er ekki gott. Göngustígar eru orðnir mjög breiðir, hentistígar liggja víða um svæðið og álag er mikið með tilheyrandi gróður- og jarðvegseyðingu en mesta álagið er hinsvegar á

⁴ Náttúrufræðistofnun Íslands ártal vantar. Sótt 21. október 2020 af

<https://www.ni.is/midlun/natturuminjaskra>

⁵ Umhverfisstofnun 2019. Sótt 22. október 2020 af <https://ust.is/umhverfisstofnun/frettir/stok-frett/2019/08/02/Hverir-Leirhnjukur-og-Stora-Viti-vid-Kroflu-Takmorkun-a-umferd-Limited-access/>

⁶ Umhverfisstofnun 2019. Sótt 22. Október 2020 af <https://ust.is/umhverfisstofnun/frettir/stok-frett/2019/12/06/Takmarkanir-a-umferd-i-landi-Reykjahlidar-ekki-framlengdar-ad-sinni/>



einstakar jarðminjar svæðisins sem hafa orðið fyrir varanlegum skemmdum. Mikið er um traðk og niðurbrot á hrauni og hraunmyndunum. Hraunkleprar og dropsteinar hafa verið brotnir og vörður

hlaðnar (tveimur var eytt í vettvangsferð). Sjaldgæf vistgerð með hátt verndargildi, móahveravist, er undir álagi á nokkrum stöðum þar sem stígar eru annað hvort illa afmarkaðir eða hentistígar hafa myndast um útbreiðslusvæði hennar. Göngupallar við hverasvæði eru að hluta til brotnir, sumsstaðar eru þeir of mjóir eða bönd aðeins öðru megin. Mikið traðk og þjöppun er á leir umhverfis afgangi hverasvæðin. Þar sem bönd hafa verið sett til afmörkunar við göngustíga eru göngusvæðin oft skilgreind of breið eða illa afmörkuð miðað við náttúruverðmæti svæðisins. Á Leirhnjúkssvæðinu eru einstakar jarðmyndanir sem þarf að gera hærra undir höfði við skipulag og afmörkun gönguleiða, t.d. með göngupöllum sem ættu ekki eingöngu að vera bundnir við gróin svæði og hverasvæði.

Við Stóra-Víti hefur gönguleið meðfram gígnum að norðanverðu verið lokað og gestum eingöngu beint meðfram honum að sunnanverðu. Hverasvæði í suðausturhorni hans hefur einnig verið lokað en inn á lokaða svæðinu eru viðvörðunarskilti og bönd sem afmarka göngustíga sem nú eru lokaðir, hvorttveggja dregur gesti að úr fjarlægð þannig að lokanir eru ekki alltaf virtar. Afmörkuð göngusvæði eru mjög breið og mætti endurskoða þá tilhögun ásamt afmörkun göngusvæðis við útsýnisstað/stétt.

Við Hveri (Hverarönd) var mikið traðk umhverfis afgangi svæðin en einnig talsvert innan þeirra og sáust þar bæði för eftir gangandi og hjólandi. Göngusvæði eru skilgreind mjög breið, allt að 14 m á einum stað, og virðast frekar eiga að verja fólk gegn hættu fremur en að verja hverasvæðið fyrir ágangi. Við þjöppun jarðvegs getur hiti lækkað og mældist hitinn á einum stað 56°C á stíg en 79°C hinum megin við bandið. Víðar var hiti undir stígnum mikill. Hverasvæðið gæti verið „fallegra“ ef göngusvæði væri minnkað. Ákjósanlegast væri að hanna göngusvæðið betur og leggja breiða göngupalla (2-3 m) um allt svæðið, t.d. hringleið, þannig að ekki sé gengið á leirnum.

Stígur upp á Námafjall fer breikkandi en hann er mjög brattur og háll, bæði í bleytu og þurrki. Mikið traðk er upp á Námafjalli, þar er ummyndað berg, m.a. bólstrar, sem skemmist auðveldlega við álag.

Tillögur að áframhaldandi vöktun

Lagt er til að fylgst verði með álagi á gróður og jarðveg við Leirhnjúk og þá sérstaklega álagi á jarðhitavistgerðir. Einnig er lagt til að fylgst verði með álagi á jarðminjar og hverasvæði við Leirhnjúk, Hveri og á Námafjalli. Við Víti er lagt til að fylgjast með umfangi álags á göngusvæði og umhverfi þess.

Vísar:

- Flatarmál gróðurs- og jarðvegseyðingar við Leirhnjúk.
- Lengd, breidd og dýpt hentistíga á skilgreindu og afmörkuðu svæði við Leirhnjúk.
- Gróðurþekja í jarðhitavistgerðum, þekja tegunda/tegundahópa, gróðurhæð og jarðvegshiti á stíg, stígsbrún og í 2 m fjarlægð frá stíg á gróðursniðum við Leirhnjúk.
- Umfang skemmda á jarðminjum við Leirhnjúk, Hveri og á Námafjalli.
- Umfang álags við Stóra-Víti.

Aðferðir:

- Ljósmyndun með flygildi við Leirhnjúk.
- Ljósmyndun með flygildi við Hveri og á Námafjalli?
- Gróðursnið í jarðhitavistgerðum samkvæmt aðferð 3b.
- Endurtekin ljósmyndun við Leirhnjúk, Stóra-Víti, Hveri og á Námafjalli.



Náttúrustofa
Norðausturlands



Vinnuframlag og ferðakostnaður Náttúrustofunnar

Tímabil	Vinnutímar			
	Gagnasöfnun	Umsjón og úrvinnsla	Fæðispeningar/kr	Akstur/kr
1.júní – 10. nóvember 2020	45	35	24800	32745
Alls	45	35	24800	32745

Vinnuframlag og kostnaður starfsmanna Náttúrufræðistofnunar Íslands var ekki skráður hjá Náttúrustofu Norðausturlands.